

Fundargerð 3. nóvember

Mætt voru : Sunna Birna Helgadóttir, Óli Þór Árnason, Karl Gíslason, Guðni B. Guðnason og Unnur Olga Ingvarsdóttir

1. Dagskrá 2022

Ákveðið að halda ársfundu 17.mars 2022

Deildarsýning 24.september 2022 í Keflavík. Ákveðið að hafa 2 dómara.

Sýninganámskeið Sunna er hefur samband við danskan ræktanda/sýnanda varðandi sýninganámskeið á næsta ári.

Heiðrun stigahæstu hunda á sýningum ákveðin 2. desember á skrifstofunni kl. 20-21:30. Búið að taka frá skrifstofu.

Kalla eftir dagsetningum á veiðiprófum frá veiðinefnd.

2. Samþykkt að kaupa BOS rósettur fyrir nóvember sýningu.

3. Fræðslufundur ræddur. Mjög léleg mæting. Líklega ekki forsendur fyrir því að halda aftur fræðslufund í bráð.

4. Samþykkt að kaupa hillur fyrir Sólheimakot. Veiðinefnd mun sjá um það.

5. Rætt um aðgengi að augnskoðunum og hvernig verði hægt að fá niðurstöður fyrir Olgeir til þess að setja inn í retrievergrunninn.

6. Rætt um hver staðan er á danska grunninum og áhugi fyrir því að fá aðgengi að honum sem fyrst til þess að setja inn gögn frá deildinni.

7. Allir sammála um að poppa aðeins upp heimasíðuna með nýju efni og myndum.

Fundi slitið

F.h Retrieverdeildar

Sunna Birna Helgadóttir